

Nr. 81.

14. nóvbr

Lög

um

heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka
seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr.
laga nr. 66, 10. nóv. 1905.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að auka seðlaupphæð þá, er Íslandsbanki
má gefa út samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, 4. gr., svo sem viðskiftaþörfin krefur
að dómi landsstjórnar. Þessa viðbót við seðlaútgáfuna má þó því að eins leyfa, að

1. að minsta kosti helmingur forðans til tryggingar seðlaupphæð þeirri, sem úti er í
hvert skifti og fer fram úr $2\frac{1}{2}$ miljón króna, sje málmforði, samkvæmt 5. gr.
nefndra laga.
2. bankinn við lok hvers mánaðar greiði vexti, 2 % á ári, af upphæð þeirri, er seðlaupp-
hæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr $2\frac{1}{2}$ miljón króna og málmforðinn nægir
ekki til.
3. bankinn greiði ókeypis og eftir þörfum í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti,
fjárhæðir, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslandsbanka við viðskiftabanka
hans í Kaupmannahöfn, og flytji á sama hátt og ókeypis það fje, sem Landsbankinn
þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar, að svo miklu leyti, sem innieign
Íslandsbanka þar leyfir.

2. gr.

Bankanum er skylt, að viðlögðum missi seðlaútgáfurjettar síns, að innleysa alla
þá seðla, er hann hefir gefið út samkvæmt lögum þessum, jafnskjótt sem landsstjórnin
eða löggjafarvaldið krefst þess, og með þeim fyrirvara, er settur verður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1917 og gilda til 1. desember 1918.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 14. nóvember 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson,